

Nr. 2/1880

Verzlunarstjóri Sören Hjalta-  
lín fyrir hönd Clausens verzl-  
unar í Stykkishólmi

gegn

Magnúsi Gíslasyni.

## Dómur:

Með því hjeraðsdómsgjörðirnar í máli því, sem hjer er áfrýjað, ekki bera með sjer, að sáttatilaun hafi farið fram í málinu, eða því verið vísað til landslaga og rjettar, sbr. tilskipun 20. janúar 1797, 28. gr., en vottorð undirdómarans fyrir undirrjettinum þar að lútandi ekki verður álitid fullnægjandi, og skjöl þau, sem lögð hafa verið fram fyrir yfirdóminum þessum atriðum til sönnunar, ekki, gegn mótmælum áfrýjanda, geta orðið tekin til greina, þareð alla heimild vantar til að leggja þau fram í yfirdóminum, verður ekki komizt hjá að dæma dóm hjeraðsrjettarins og alla meðferð hans á málinu ómerkt og vísa málinu frá hjeraðsrjettinum.

Málskostnaður allur á eptir atvikum að falla niður.

## Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði hjeraðsdómur og öll meðferð málsins í hjeraði skal ómerkt vera, og vísast málinu frá hjeraðsdóminum. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður.

Mánudaginn 28. júnímán.

Nr. 4/1880 Verzlunarstjóri G. E. Unbehagen fyrir  
hönd verzlunarhússins C. Fr. Siemen

gegn

fyrrum konsul Eðvarð Siemen.

## D ó m u r :

Mál þetta er risið útaf samningi, sem þeir Eðvarð Siemsen, kaupmaður og vicekonsul í Reykjavík, og verzlunarstjóri G. Emil Unbehagen, umboðsmaður G. W. Th. Rödigers, sem er eigandi verzlunarhússins Carl Franz Siemsens í Hamborg, gjörðu með sjer 26. dag nóvembermán. 1878; en með þeim samningi ljet hinn fyr nefndi af hendi við hinn síðar nefnda verzlun sína hjer í bænum með öllum áhöldum, vörubirgðum, peningum í sjóði og útistandandi skuldum, sem og allar aðrar eigur sínar, sem ekki voru með berum orðum undanskildar í samningum; á hinn bóginn skuldbatt hinn síðar nefndi sig meðal annars til að greiða hinum fyr nefnda í 3 ár frá 1. degi desembermán. 1878 að telja 50 kr. á mánuði, er áttu að greidast í lok hvers mánaðar. Samkvæmt þessum samningi borgaði verzlunarstjóri Unbehagen konsul Siemsen áskilið mánaðartillag fyrir desembermánuð, en síðan ekki, og þegar liðnir voru 6 mánuðir svo að Siemsen ekki hafði fengið mánaðartillag sitt, höfðaði hann, að undangenginni árangurslausri sáttatilaun, mál gegn Unbehagen fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur til borgunar á hinu umsamda mánaðartillagi fyrir mánuðina janúar til júní 1879 samtals 300 kr. með 5% vöxtum frá sáttakæru-degi. Unbehagen verzlunarstjóri hjelt því fram gegn málssókn Siemsens, að samningur þeirra frá 26. nóvbr. 1878 væri rofinn af Siemsens hálfu, og hefði hann því fyrirgjört rjetti sínum til mánaðartillagsins, en þar á ofan höfðaði hann gagnsókn gegn Siemsen útaf þessum samningsrofum, er áttu að vera í því fólgin, að Siemsen hefði dregið undan jarðarverð að upphæð 1400 kr., og gjörði hann því tilkall til, að Siemsen borgaði sjer þessar 1400 kr. með 5% vöxtum frá gagnsóknarkæru-degi. Í máli þessu var uppkveðinn dómur fyrir bæjar-

Þingsrjetti Reykjavíkur 11. desember f. á. með þeim úrslitum, að gagnsækjandinn skyldi fyrir hönd Carl Franz Siemens greiða aðalsækjanda 300 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 40 kr. í málskostnað, en að aðalsækjandinn skyldi vera sýkn af kærnum og kröfum gagnsækjanda; þar á ofan voru báðir málspartarnir, aðalsækjandinn og gagnsækjandinn, hvor um sig dæmdir fyrir ósæmilegan og meiðandi rithátt til að greiða 10 kr. sekt til fátækra sjóðs Reykjavíkur, og hin meiðandi ummæli þeirra hvors um annan dæmd dauð og marklaus. Þessum dómi hefur verzlunarstjóri G. Emil Unbehagen áfrýjað fyrir hönd verzlunarhússins Carl Franz Siemens til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 3. febrúar þ. á., og hefur hann krafizt principaliter: að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1400 kr. með 5% ársvöxtum frá 30. júlí f. á. til þess borgað verður; subsidialiter: að hann verði dæmdur til að greiða áfrýjandanum 1100 kr. með ársvöxtum eins og nú var sagt, og í báðum tilfellum allan af málinu löglega leiðandi kostnað, en að áfrýjandinn verði sýknaður af öllum kærnum og kröfum í þessu máli, þar á meðal sektinni fyrir ósæmilegan rithátt.

Að því leyti sem áfrýjandinn með hjeradsrjettardóminum er skyldaður að greiða hinum stefnda samkvæmt samningi þeirra á milli 26. nóvembermán. 1878 um samið mánaðartillag fyrir mánuðina janúar til júní 1879 með 300 kr., þá hefur áfrýjandinn farið því fram, að hinn stefndi hafi brotið af sjer rjettinn til þessa gjalds með því að rjúfa samninginn, en þar sem áfrýjandinn ekki fer fram á, að samningurinn af þessari ástæðu falli úr gildi í heild sinni, heldur þvert á móti heldur fram gagnkröfum á hendur hinum stefnda samkvæmt samningnum, þá getur hann ekki skorazt undan

að fullnægja að sínu leyti þeim skuldbindingum, sem samningurinn leggur honum á herðar, en ein af þeim skuldbindingum er sú, að greiða hinum stefnda 50 kr. tillag á mánuði í 3 ár frá 1. desembermán. 1878 að telja. Yfirdómurinn getur því ekki tekið þá kröfu áfrýjandans til greina, að hann verði dæmdur sýkn af kærnum og kröfum hins stefnda í þessu máli.

Að því er þarnæst snertir gagnkröfur áfrýjandans á hendur hinum stefnda, þá byggir hann þær á því, að það sjáist á bókum hins stefnda, að hann 25. nóvbr. 1877 hafi eignast jörðina Lykkju á Kjalarnesi á þann hátt, að hann hafi tekið hana upp í verzlunarskuld að upphæð 1400 kr., en að hann hafi ekki afhent sjer jörðina eða andvirði hennar, sem þó hafi verið skylda hans samkvæmt samningnum 26. nóvembr. 1878. Um þetta efni er það upplýst, að hinn stefndi hafi selt Hendrik J. Siemsen, syni sínum, jörð þessa með afsalsbrjefi, dagsettu 30. septembermán. 1878, sem er fyrir fram inn ritað til þinglesturs í afsals- og veðbrjefabók Gullbringu og Kjósarsýslu sama dag, og ber hinn stefndi fram, að hann hafi gefið syni sínum upp kaupverðið fyrir jörðina, 1400 kr., eða að það hafi átt að koma upp í meðlag með bróðurbarni Hendriks Siemensens. Með því að þetta afsal á jörðinni Lykkju þannig hefur fram farið nærfellt 2 mánuðum áður en hinn stefndi gjörði opt nefndan samning við áfrýjandann, getur það alls eigi komið í bága við þenna samning, og með því að engin upplýsing er komin fram um, að hinn stefndi ekki hafi í alla staði verið fjár síns ráðandi, þegar hann ljet jörðina af hendi, var honum heimilt að gefa kaupandanum upp kaupverðið eða láta það koma upp í önnur viðskipti þeirra, eða yfir höfuð ráðstafa því á hvern hátt sem hann vildi.

Þar sem áfrýjandinn hefur haldið því fram, að

hinn stefndi hafi átt kaupverðið fyrir jörðina hjá syni sínum, þegar samningurinn 26. nóvbr. 1878 var gjörður, þá hefur hann ekki, hvorki eptir bókum hins stefnda, nje á annan hátt, komið fram með neinar sannanir eða líkur fyrir því gegn neitun hins stefnda; þvert á móti virðist afsalsbrjefið fyrir jörðinni benda á hið gagnstæða, með því að jörðin þar er afsöluð kaupanda skilmálalaust «fyrir um samið kaupverð 1400 kr.», án þess að með einu orði sje gefið í skyn, að verðið eða nokkur hluti þess sje óborgaður, en það verður ekki ætlað, að hinn stefndi hafði afsalað eignarrjettinn yfir jörðinni fyr en hann hafði fengið skil fyrir andvirði hennar, nema hann þá þegar hafi gefið það eptir.

Samkvæmt þessu verða gagnkröfur áfrýjandans gegn hinum stefnda ekki teknar til greina.

Þar sem málspartarnir í hjeradsdóminum eru sektaðir fyrir ósæmilegan rithátt og ummæli þeirra dæmd dauð og marklaus, þá ber þess fyrst að geta, að því er snertir hinn stefnda, að talsmaður hans, en ekki sjálfur hann, við hafði ummæli þau, sem hann er sektaður fyrir, en þar af leiðir, að hinn stefndi ekki verður látinn sæta ábyrgð fyrir þau; að því er hinsvegar snertir sekt þá, sem áfrýjandinn er dæmdur í, þá virðast ummæli hans ekki þess eðlis, að þau verði álitin ósæmilegur ritháttur, nje að ástæða sje til að að dæma þau ómerk.

Samkvæmt öllu því, sem að framan er til greint, ber að staðfesta hjeradsrjettardóminn að því er snertir kröfur málspartanna hvors á móti öðrum, sem og að því er snertir málskostnað í hjeradi, en aptur eiga sektir þær, sem málspartarnir eru dæmdir í fyrir ósæmilegan rithátt, að falla niður, og ákvæði nefnds dóms um ómerking hinna þar til greindu ummæla að nemast burt. Með því að hinn stefndi ekki hefur

krafizt að fá málskostnað fyrir yfirdómi endurgoldinn, hlýtur hann að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hjeraðsdómurinn í máli þessu á óraskaður að standa, þó þannig, að ákvæði hans um sektir fyrir meiðandi ummæli og um ómerking þeirra falli burt.

Málskostnaður fyrir yfirdóminum falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-  
birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 5. júlímán.

Nr. 19/1880

Rjettvísinn

gegn

Sigurði Bjarnasyni.

Dómur:

Með dómi, kveðnum upp á aukapingi Reykjavíkur 9. aprílmán. þ. á., er Sigurður Bjarnason, húsmáður hjer í bænum, dæmdur fyrir illa meðferð á skepnum eptir 299. gr. hinna almennu hegningarlaga í 25 kr. sekt og til að lúka öllum af málinu löglega leiðandi kostnaði, en dómi þessum hefur hann skotið til yfirdómsins. Mál þetta er svo vaxið, að ákærði hafði í haust, er leið, komið hesti 16 vetra gömlum, er hann átti, fyrir á bæ nokkrum í Mosfellssveit til hagagöngu og heyjað þar að 2 hesta af heyi, er gefa skyldi hestinum, er á þyrfti að halda, en á millum jóla og nýárs var ákærða skilað hestinum, bæði meiddum og horuðum; ákærði tók þá hestinn á hús og hey, en ljet hann þó vera úti á daginn niðri í fjöru; svo magur var hesturinn orðinn, að við skoðunargjörð á hestum bæjarins, er fram fór fyrst í febrúarmánuði,